

## REGLUGERÐ

### um bann við dragnótaveiðum fyrir Norðurlandi.

#### 1. gr.

Til og með 31. ágúst 2017 eru allar dragnótaveiðar bannaðar á eftирgreindum svæðum:

1. Húnafjörður innan svæðis sem markast af línum sem dregnar eru á milli Sölvabakka 65°42,5'N – 020°16,5'V, norðurenda Fáskrúðsskers 65°42,5'N – 020°42,8'V og þaðan í 180° réttvísandi til lands.
2. Skagafjörður innan svæðis sem markast af línu sem dregin er á milli Ásnefs 65°56,5'N – 019°53,0'V og Þórðarhöfða 65°58,4'N – 019°29,7'V.
3. Hrútafjörður – Miðfjörður innan svæðis sem markast af línu sem dregin er þvert yfir utanverðan Hrútafjörð og Miðfjörð eftir 65°26'N.  
Þrátt fyrir ákvæði 1. ml. er vesturhluti Hrútafjarðar opinn fyrir veiðum með dragnót vestan línu sem dregin er eftir 21°08'V, frá og með 1. júní til 1. mars utan línu sem dregin er eftir 65°23'N og frá og með 1. nóvember til og með 31. janúar utan línu sem dregin er eftir 65°21'50 N og vestan línu sem dregin er eftir 21°08'V. Miðfjörður er opinn fyrir veiðum með dragnót utan línu sem dregin er eftir 65°23'N á tímabilinu frá og með 1. júní til 1. mars.
4. Húnaflói – veiðar eru bannaðar skipum lengri en 22 m að mestu lengd innan línu sem dregin er eftir 66°00'N þvert yfir Húnaflóa.  
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru skipum lengri en 22 metrar sem stundað hafa veiðar með dragnót í Húnaflóá á síðastliðnum þremur árum heimilar veiðar innan fyrrgreindrar línu.
5. Úti fyrir Ströndum innan svæðis sem markast af línu sem dregin er milli Rana í Hornbjargi 66°27,3'N – 022°24,1'V í Selsker 66°07,5'N – 021°30,0'V og þaðan í Gjögurvita 65°59,3'N – 021°19,0'V.

#### 2. gr.

Þá eru dragnótaveiðar bannaðar á eftирgreindum svæðum:

1. Á Ólafsfirði innan línu, sem dregin er úr Bríkurskeri 66°07,26'N – 18°36,58'V og þaðan í Áðasker 66°05,62'N – 18°33,56'V, sunnan fjarðarins.
2. Á Eyjafirði innan línu, sem dregin er réttvísandi austur/vestur um Hríseyjarvita, frá 66°01,09'N – 18°16,75'V til 66°01,09'N – 18°30,55'V.
3. Á Skjálfsandaflóá innan línu, sem dregin er milli Bríkur 66°06,39'N – 17°49,32'V og þaðan í Stórástakk (Stakka) 66°09,77'N – 17°16,54'V á tímabilinu frá 15. mars til 1. september.

#### 3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 1064/2013, um bann við dragnótaveiðum fyrir Norðvesturlandi og út af Ströndum, með síðari breytingum.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 3. september 2015.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Sigríður Norðmann.*